# Sól tér sortna

## Um almyrkvann
## 12. ágúst 2026



Sól tér sortna,
sígr fold í mar,
hverfa af himni
heiðar stjörnur;
geisar eimi
ok aldrnari,
leikr hár hiti
við himin sjálfan.
Völuspá #58

**Þórður Arason**

Veðurstofu Íslands, Reykjavík, 24. mars 2026

# Ítarefni

## Vefir:

http://brunnur.vedur.is/athuganir/sol/solmyrkvi/

https://hergilsey.is/arason/solmyrkvi/

https://solmyrkvi2026.is/

## Greinar:

Þórður Arason (2025), Sólmyrkvar á Íslandi, *Náttúrufræðingurinn*, **95**, bls. 56-69.

Þórður Arason (2026), *Sólmyrkvar á Íslandi - yfirlit um ritaðar samtímaheimildir*, Skýrsla VÍ 2026-003, Veðurstofa Íslands, Reykjavík, 52 bls.



# Stærð sólar og tungls er mjög svipuð, séð frá jörðu

## Stundum er sólin aðeins stærri og stundum tunglið



# Deildar- og hringmyrkvar

Deildar- og hringmyrkvar hylja sólina ekki alveg, það er verkljóst og áhorfandi þarf sólmyrkvagleraugu til að verja augun



Deildarmyrkvi 21. ágúst 2017.



Hringmyrkvi 20. maí 2012.

# Almyrkvi – Váleg tíðindi

- 30. október 1207 f.Kr.:  Sólin stöðvast (Jósúabók Biblíunnar, 10:12-14)
- 28. maí 585 f.Kr.:  Stríð stöðvast og samið um frið milli Lydíumanna og Medea
- 21. mars 619 e.Kr.:  Goðsaga fæðist um dauða Baldurs hins hvíta
- 31. ágúst 1030:  Dauði Ólafs Haraldssonar Noregskonungs í Stiklastaðaorrustu
- 2. ágúst 1133:  Dauði Hinriks I Englandskonungs
- 28. júlí 1851:  Þjóðfundurinn fer út um þúfur – Vér mótmælum allir !
- 12. ágúst 2026:  ?

# Sólmyrkvinn 20. mars 2015

## Almyrkvi í Færeyjum og Svalbarða – 96,2-99,7% myrkvun á Íslandi






Hámark myrkvans (98%) í Kópavogi.
Ljósm. ÞA 20. mars 2015 kl. 09:37:08

# Almyrkvinn 30. júní 1954 kl. 12:05






# Almyrkvi miðvikudaginn 12. ágúst 2026 kl. 17:45






# Almyrkvi í Reykjavík
## miðvikudaginn 12. ágúst 2026 kl. 17:48

| **Skólavörðuholt** | **Tími** | **Sólarhæð** | **Sólarátt** |
|---|---|---|---|
| Upphaf sólmyrkva – C1 | 16:47:12 | 31° | 237° VSV |
| Upphaf almyrkva – C2 | 17:48:16 | | |
| Hámark | 17:48:46 | 25° | 253° VSV |
| Lok almyrkva – C3 | 17:49:15 | | |
| Lok sólmyrkva – C4 | 18:47:37 | 18° | 267° V |
| | | | |
| Lengd sólmyrkva | 2 klst 00 mín | | |
| Lengd almyrkva | 59 sek | | |


En, það verður kannski skýjað
Líkur á að sjá sólina
á Vesturlandi í ágúst kl. 18
25–50%

# Almyrkvi á sólu í Bandaríkjunum
# 21. ágúst 2017 kl. 10:17$_{PDT}$

# Sólmyrkvinn 21. ágúst 2017

2,4%
deildarmyrkvi



# 2,4% deildarmyrkvi á Íslandi 21. ágúst 2017 kl. 18:44



Ljósm. ÞA 2015-03-20_08:45:09

8398





Astoria
Kennewick
Walla Walla
Hood River
The Dalles
Portland
Beaverton
Mt Hood National Forest
Wallowa-Whitman National Forest
La Grande
Joseph
Umatilla National Forest
Salem
WARM SPRINGS RESERVATION
Baker City
Newport
Albany
Corvallis
Siuslaw National Forest
Redmond
Prineville
Weiser
Willamette National Forest
Eugene
Bend
Malheur National Forest
Ontario
OREGON
Caldwell
Burns
Nampa
Coos Bay
Bandon
Roseburg
Umpqua National Forest
Winema National Forest
Gold Beach
Grants Pass
Medford





−26 s

Ljósm. ÞA, kl. 09:04 PDT



C1 + 35 s

Ljósm. ÞA, kl. 09:05 PDT



C1 + 4 min Ljósm. ÞA, kl. 09:08 PDT



5 min

Ljósm. ÞA, kl. 09:10 PDT



10 min

Ljósm. ÞA, kl. 09:15 PDT



15 min

Ljósm. ÞA, kl. 09:20 PDT



22 min

Ljósm. ÞA, kl. 09:27 PDT



25 min

Ljósm. ÞA, kl. 09:30 PDT



30 min Ljósm. ÞA, kl. 09:35 PDT



35 min Ljósm. ÞA, kl. 09:40 PDT



40 min Ljósm. ÞA, kl. 09:45 PDT 1471



45 min Ljósm. ÞA, kl. 09:50 PDT 1474



50 min

Ljósm. ÞA, kl. 09:55 PDT



55 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:00 PDT





Camera obscura áhrif frá laufkrónu trésins.






Canon
bogen
66°
NORTH
NatureHike


TIMBER RIDGE




WE DO
COOL





61 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:06 PDT

1483



C1 + 65 min Ljósm. ÞA, kl. 10:10 PDT 1486



C2 – 4 min Ljósm. ÞA, kl. 10:13 PDT



C2 – 3 min Ljósm. ÞA, kl. 10:14 PDT



–2 min Ljósm. ÞA, kl. 10:15:00 PDT 1496



−87 s Ljósm. ÞA, kl. 10:15:26 PDT 1499



–56 s Ljósm. ÞA, kl. 10:15:57 PDT 1503



–31 s

Ljósm. ÞA, kl. 10:16:22 PDT



Blossaperlur (Baily‘s beads)

−11 s Ljósm. ÞA, kl. 10:16:42 PDT 1509







Sólkórónan séð frá Madras í Oregon.  Ljósm. Cameron DaSilva, 21. ágúst 2017.



Demantshringurinn séður frá Færeyjum.  20. mars 2015.



Sólstrókar séðir frá Athens í Tennessee.  Ljósm. Ed Laughlin, 21. ágúst 2017.

# Almyrkvi á sólu (1/3)

úr grein í *Náttúrufræðingnum*

## FYRIRBÆRI SEM SJÁST VIÐ ALMYRKVA Á SÓLU

1. **Litbrigði**
   Þótt það dimmi líkt og við sólarlag í aðdraganda almyrkva eru litir umhverfisins öðruvísi. Umhverfið er bláleitara, sýnist mun kaldara en við sólarlag.
2. **Dýrahegðun**
   Dýrum líður líklega eins og það sé að koma nótt og fara að undirbúa svefn. Öll náttúran verður hljóð og kyrr.
3. **Ormaskuggar**
   Flestir horfa til sólar þegar almyrkvinn er að skella á, en þá er einnig vert að líta niður á ormaskugga (e. shadow bands/shadow snakes). Í um 20 sek. fyrir almyrkvann tindrar (blikkar) sólarröndin mjög áberandi. Þetta er vegna kviku í lofthjúpi jarðar, svipað og þegar stjörnur tindra. Jörðin undir fótum manns virðist þá iða af ljósum og dekkri dansandi bogalínum, líkt og ormagryfja.
4. **Blossaperlur**
   Síðustu sólargeislarnir brotna upp í aðskilda ljósdepla, blossaperlur (e. Baily's beads), vegna landslags á rönd tunglsins.
5. **Demantshringur**
   Síðustu geislar sólar (demanturinn) ásamt ljóshring umhverfis tunglið.

# Almyrkvi á sólu (2/3)

6. **Myrkvun**
   Sjálf myrkvunin kemur mjög skyndilega (á innan við 3 sek.). Það verður ekki niðadimmt heldur ratbjart eins og af daufu tunglsljósi, en sér ekki til verka. Bjart er úti við sjóndeildarhringinn. Tilfinning um kólnun. Nú er unnt að taka niður sólmyrkvagleraugun.
7. **Sólkóróna**
   Sólkórónan er úr rafgasi (e. plasma) umhverfis sólina, sem kalla má lofthjúp sólar, og verður skyndilega sýnileg með berum augum. Sólkórónan er björt og stór og virðist gerð úr örfínum hvítum, sumir segja silfruðum, þráðum. Áferð hennar minnir á björt norðurljós, en engin hreyfing sést á þeim stutta tíma sem almyrkvi varir. Því hefur verið haldið fram að geislabaugar helgra manna á málverkum eigi uppruna í útliti sólkórónunnar.
8. **Stjörnur**
   Skyndilega verður stjörnubjart og þá er gagnlegt að vera fyrirfram búinn að skoða stjörnukort til að getað áttað sig á helstu stjörnum umhverfis sólina.
9. **Sólkerfið**
   Eftir staðsetningu reikistjarna má skynja að maður horfi á sólkerfið okkar úr fjarska. Með heppilegri uppröðun sýnist augljóst að reikistjörnurnar séu fylgihnettir sólarinnar. Til þess að skynja þetta þarf að kynna sér vel stjörnukort og staðsetningu reikistjarna fyrir myrkvann.

# Stjörnukort 12. ágúst 2026 – sólkerfið okkar



# Almyrkvi á sólu (3/3)

10. **Blika**
    Þótt ský séu yfirleitt til ama við sólmyrkvaskoðun, þá geta blika, gráblika eða mistur stundum deyft sólarljósið þannig að unnt er að horfa á sólina með berum augum. Ef sól er lágt á lofti við þær aðstæður verður jafnvel lítill deildarmyrkvi áberandi.
11. **Alskýjað**
    Í alskýjuðu veðri verður upplifun af sólmyrkva allt önnur en í heiðskíru. Ómögulegt getur verið að taka eftir litlum deildarmyrkva og flest fyrirbæri við almyrkva sjást alls ekki. Hins vegar getur almyrkvun verið drungalegri þegar ekki sést hvað veldur. Á skýjum í fjarska má sjá skugga almyrkvans koma til áhorfandans og frá á miklum hraða, um 1 km/sek.
12. **Regnbogi**
    Ef skúrir eru andstætt sólarátt getur sést regnbogi. Regnbogi sést einungis ef sólarhæð er undir 42°. Þegar sólin er orðin mjög dauf í deildarmyrkva dofnar birta regnbogans og virðist hann þá undarlega bleikur á litinn. Þetta er líklega sjónvilla, háð mismunandi litnæmni augans. Vert er að fylgjast með þessu fyrirbæri ef sólmyrkvi verður í skúraveðri.
13. **Norðurljós**
    Á Íslandi er örlítill möguleiki á að sjá norðurljós í almyrkva, sérstaklega að kvöldlagi.
14. **Persítar**
    Loftsteinadrífa sem virðist koma frá stjörnumerkinu Perseus er með hámark um 12.–13. ágúst. Mögulega mætti því sjá stjörnuhrap við almyrkva.
15. **Að njóta**
    Hratt flýgur stund og mörg fyrirbæri er vert að skoða við almyrkva. Eitthvað ferst fyrir eða gleymist. Það skiptir ekki höfuðmáli – aðalatriðið er að muna að njóta þessarar einstöku upplifunar.



C3 + 57 s Ljósm. ÞA, kl. 10:19:35 PDT 1533



C3 + 67 s Ljósm. ÞA, kl. 10:19:45 PDT 1536



C3 + 102 s Ljósm. ÞA, kl. 10:20:20 PDT 1539



+3 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:21 PDT



+6 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:24 PDT



+11 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:30 PDT



+16 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:35 PDT



+21 min Ljósm. ÞA, kl. 10:40 PDT



+26 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:45 PDT



+31 min

Ljósm. ÞA, kl. 10:50 PDT



C3 + 36 min Ljósm. ÞA, kl. 10:55 PDT 1585



C3 + 41 min Ljósm. ÞA, kl. 11:00 PDT



C4 – 32 min Ljósm. ÞA, kl. 11:05 PDT



C4 – 27 min Ljósm. ÞA, kl. 11:10 PDT



–22 min Ljósm. ÞA, kl. 11:15 PDT



−17 min Ljósm. ÞA, kl. 11:20 PDT



−12 min Ljósm. ÞA, kl. 11:25 PDT



–7 min Ljósm. ÞA, kl. 11:30 PDT



−2 min

Ljósm. ÞA, kl. 11:35 PDT



−89 s

Ljósm. ÞA, kl. 11:35:56 PDT



−29 s Ljósm. ÞA, kl. 11:36:56 PDT



−2 s Ljósm. ÞA, kl. 11:37:23 PDT

# Almyrkvar út öldina á Vesturlöndum

2026-08-12 Ísland
2027-08-02 Spánn og Norður-Afríka
2044-08-23 Norður-Ameríka
2045-08-12 Bandaríkin
2048-06-11 Hringmyrkvi á Íslandi
2052-03-30 Mexíkó – Bandaríkin
2053-09-12 Spánn og Norður-Afríka
2078-05-11 Bandaríkin
2079-05-01 Norður-Ameríka
2081-09-03 Mið-Evrópa
2088-04-21 Grikkland
2090-09-23 Frakkland
2099-09-14 Norður-Ameríka

# Hringmyrkvi (89%) 11. júní 2048 kl. 12:45$_{Rvk}$





# Hvar er best að vera?

**Almyrkvinn varir lengst á Bjargtöngum, 2 mín 13 sek**

- að öðru leyti er það afleitur staður – þar vantar alla innviði !
- víða á Vesturlandi varir hann lengur en 1 mín 30 sek og í Reykjavík varir hann í um 1 mín

**Að elta glufur í skýjahulu**

- upplagt til að sitja fastur í umferðaröngþveiti á þjóðvegahátíð

**Besti staðurinn hefur**

- friðsæld og ótruflað útsýni til vesturs
- húsnæði, salerni, eldhús og gistingu
- aðstöðu til að fagna með vinum með hátíðarkvöldverði í lok myrkva

# Almyrkvi miðvikudaginn 12. ágúst 2026 kl. 17:45






# Ágrip

## Sól tér sortna – Um almyrkvann 12. ágúst 2026

Þórður Arason

Almyrkvi á sólu gengur yfir vestanvert Ísland 12. ágúst 2026 um kl. 17:45, en síðast sást almyrkvi á Íslandi árið 1954.  Almyrkvar á sólu eru sjaldgæfir og meirihluti manna sjá slíkt aldrei á ævinni.  Að verða vitni að almyrkva við góðar aðstæður er mögnuð upplifun.  Fjallað verður almennt um deildarmyrkva, hringmyrkva og almyrkva á sólu og helstu fyrirbæri sem er vert að skoða vel við almyrkva.  Hver er möguleikinn á léttskýjuðu veðri?  Hvar verður best að vera?  Sýndar verða myndir frá almyrkvaveislu í Bandaríkjunum í ágúst 2017.  Að lokum verður litið til hringmyrkvans á Suðurlandi árið 2048 og nokkurra almyrkva á Vesturlöndum út öldina.